

Skýrsla Stjórnar FLÍ - Félags leikstjóra á Íslandi 2017-2018

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Páll Baldvin Baldvinsson, formaður, Kolbrún Halldórsdóttir, ritari og Tryggvi Gunnarsson gjaldkeri. Varamenn í stjórn voru Stefán Hallur Stefánsson, Agnes Wild Þorkelsdóttir og Harpa Arnardóttir.

Stjórn hélt alls 9 fundi á árinu og eru af þeim færðar fundargerðir sem vistaðar eru í stafrænni skjalageymslu félagsins. Til stóð að halda framhaldsaðalfund til að ljúka að gera breytingar á skipan félagsgjalda en ákvað stjórnin að fresta því máli til aðalfundar að vori 2018.

Ekki var efnt til sérstakra félagsfunda um tiltekin mál enda engar þær breytingar orðið á samningum félagsins að kalla þyrfti til félagsfundi til að samþykkja þá.

Þeim vana var haldið að kalla að öllu jöfnu til bæði stjórn og varastjórn á stjórnarfundi sökum þess að stjórnarmenn eru oft vant við látnir í vinnu og komast oft ekki til funda að staðaldri.

Erindi til stjórnar berast flest um netfang félagsins eða í símtölum til formanns. Ekki er haldið úti sérstökum viðtalstíma á skrifstofu félagsins að Lindargötu 6.

Á liðnu starfsári var stofnaður lokaður hópur á Facebook og kallaðir í hann félagar sem eru skráðir þar en einnig boðið til hans stórum hópi þeirra sem lokið hafa menntun sem veitir félagsrétt. Var um þá gátt reglulega dreift upplýsingum til félaga og annarra sem hagsmuna hafa að gæta í stéttinni. Eru nú 143 skráðir í þann hóp og hefur upplýsingadreifing um þann farveg þann kost að hægt er að sjá hverjir fylgjast reglulega með skilaboðum er þar birtast.

Félagsmenn voru í lok árs 2017 skráðir 110. Af þeim voru 34 undanþegnir félagsgjöldum samkvæmt núgildandi lögum vegna aldursákvæða, en fáeinir þeirra greiða hlutfall af launum eins og gert er ráð fyrir í samþykktum félagsins.

Alls eru 34 félagar líka skráðir í Félag íslenskra leikara og greiða þar tilhlýðileg félagsgjöld. Fáeinir félagsmenn hafa óskað eftir að vera skráðir aukafélagar sökum þess að þeir sinna tímabundið annarri vinnu.

Á fjórðra tug félagsmanna greiðir tilhlýðileg félagsgjöld umfram fastagjald í gegnum BHM og nýtur þar réttinda umfram aðra.

Erindi félagsmanna til stjórnar lúta flest að réttindamálum. Er bæði sinnt umkvörtunarefnum félagsmanna og þeim sem ekki eru félagar til að vernda rétt leikstjóra almennt.

Sú óregla sem er á samsetningu félagsins veikir það og eins og síðar er vikið að í skýrslu stjórnar er brýnt að sviðslistamenn sameinist í ein samtök svo kraftar þeirra sundrist ekki enda líklegar að sameinaðir geti þeir betur varist skerðingum á hagsmunum heildarinnar..

Stjórnarmenn og varamenn þeirra bjóða sig fram til starfa á komandi starfsári.

Kjaramál

Samningar við helstu samningsaðila Flí renna sitt skeið á næsta starfsári að undanskyldum samningum við Ríkisútvarpið sem fjallað er um sérstaklega hér að neðan. Eins og öllum er ljóst eru miklar hræringar á launamarkaði og því viðbúið að launatölur taki einhverjum breytingum á næsta starfsári þó vísast verði reynt að halda aftur af launakröfum. Minna má á að framlengdir samningar sem nú eru í gildi byggðu á samningavinnu sem átti sér stað á árunum 2014-2016. Nú er komin nokkur reynsla á þá samninga og hefur samninganefnd safnað í sarpinn athugasemdum félaga að fenginni reynslu.

Þá er ljóst að félagið þarf að sækja rétt aðstoðarleikstjóra og tryggja kjör þeirra. Hefur Þjóðleikhúsið sóst sérstaklega eftir að sett verði viðmið um þá vinnu. Á vegum leikstjóra var búið að leggja nokkra vinnu í þá samningsgerð og þarf að skýra samningsmarkmið, ábyrgð og starfssvið. Nú eru greidd mánaðarlaun fyrir aðstoðarleikstjórn á bilinu 60-75% af launaflokki þeim sem viðkomandi tilheyrir samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Verri er staða dramaturga sem eru fáir á föstum launum og sundruð sveit í ýmis stettarfélög. Efnt var til viðtala við nokkra þeirra og kom í ljós að þeirra kjör eru ærið mismunandi og verkefni margbreytileg. Þarf samninganefnd félagsins að opna viðræður við viðsemjendur okkar um þann mikilvæga þátt sviðsetninga.

Af reynslu liðinna ára eru komin nokkur atriði sem þarf að áréttta í samningagerðinni og verður það verkefni samninganefndar á komandi hausti að hefja viðræður við fjármálaráðuneyti/Þjóðleikhús, LR, MAK (sem við höfum ekki samning við en þeir hafa fylgt gildandi samning við LA), og Íslensku óperuna. Í framhaldi af því að endurskoða gildandi texta fyrir sviðsetningar áhugamannafélaga.

Má ætla að nýjum samningum verði lokið fyrir vorið 2019 og þeir verði að meginefni í gildi í þrjú ár til 2021.

Stjórn hefur lýst vilja sínum til viðræðna við Sjálfstæðu leikhúsin um gerð minnisblaðs sem aðilar geta fallist á að komi sjálfstæðu hópunum að gagni í þeirra starfi. Sjálfstæðu leikhúsin hafa með sér bandalag sem ber ekki einkenni samtaka atvinnurekenda en viðmið í launahugsun fyrir þann hluta geirans gæti komið stoðum undir ríkari stuðning við þá af hálfu fjárveitingavaldsins.

Samninganefnd var skipuð þeim Páli Baldvinssyni, Stefáni Halli Stefánssyni og Tryggva Gunnarssyni. Þeir Páll og Tryggvi eru í endurkjöri en þriðja manninn þarf að kjósa.

Verktakar

Talsvert þrek hefur farið á liðnu ári til þess að minna félagsmenn á hagnýti launasamninga en þeim leikstjórum fjölgar enn sem vinna samkvæmt verktakasamningum en hafa ekki skráð fyrirtæki sín hjá félaginu og greiða ekkert af launum sínum í félagssjóði.

Rétt er að minna á gildandi lög félagsins, grein 10.:

Félagismaður, sem tekur verktakagreiðslu hjá samningsbundnum vinnuveitanda, er ábyrgur fyrir því að hann eða samningaðilinn geri félaginu skil á 1,5% félagsgjaldi og gjaldi í

menningarsjóð FLÍ samkvæmt samningum félagsins, reiknað sem hlutfall af upphæð sem samsvarar því að um venjulega launagreiðslu hefði verið að ræða.

Stjórnin hefur á liðnu starfsári sett út viðvaranir til allra félagsmanna samfara því að nýjar taxtatöflur voru kynntar 1. júní og 1. september 2017 og vegna hækkunar er tók gildi 1. júní síðastliðinn.

Verktakasamningur inniber ýmis vafaatriði þegar leikstjórn er annarsvegar, ekki bara fyrir verktakann heldur líka verkkaupann. Af gögnum sem félagið hefur undir höndum má sjá að oft er um gerviverktöku að ræða, er í kunnum tilvikum farið að flestu leyti eftir launasamningi, verktakinn einungis svikinn um hluta þess kostnaðar sem hann ber sem atvinnurekandi. Hæst álag á verktakasamninga hefur náðst 42%, þó flest tilvik sem kunn eru búi við um 30% álag en eins og kunnugt er af upplýsingaherferð félagsins er það mat Starfsgreinasambands Íslands að álag á laun þurfi að vera 55% til að ná sömu réttindum og launasamningur gefur.

Hætt er við að margir verktakar beri skarðan hlut frá borði og því er það álit stjórnar að hefja verði vinnu við gerð samningseyðublaðs fyrir þá sem þannig vilja vinna og fá það viðurkennt af verkkaupum. Með því gæti náðst fram nokkur réttarbót fyrir þessa aðila og um leið hvað tapaðist við gerð verktakasamninga sem verktakinn yrði að bera ábyrgð á, svo sem slysatrygging, missir höfundaréttar og sýningalauna, orlofsrétt og fleira.

Nýir félagar á árinu

Nokkrir leikstjórar sóttu um félagsaðild á þessu starfsári og voru umsóknir þeirra jafnharðan afgreiddar á stjórnarfundum: Ólafur Egill Egilsson, Björn Thors, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Aude Maine Busson, Viktoría Blöndal og Margrét Vilhjálmsdóttir. Einn félagi óskaði úrgöngu úr félaginu, fjórir félagar óskuðu eftir að vera skráðir aukafélagar. Einni umsókn var hafnað sökum þess að inntökuskilyrðum var ekki fullnægt.

Staða sjúkrasjóðs

Snemma á starfsárinu barst fyrirspurn frá einum féлага vegna veikinda: hvað liði sjúkrasjóði félagsins? Eins og kunnugt er var sjúkrasjóður okkar tæmdur fyrir fáeinum árum og samningsbundar greiðslur starfandi leikstjóra sem staðið er skil á fara um farveg BHM í styrktar- og sjúkrasjóð á þeirra vegum. Greiðendur þá leið eiga rétt í honum. Hinir sem greiða aðeins fastagjald (lágmarksfélagsgjald) eða eru því undanþegnir eru réttlausir í sjóði á okkar vegum en njóta margir réttinda úr sjóðum annarra fagfélaga ef þeir greiða til þeirra að staðaldri. Annars eru þeir réttlausir utan styrks úr Sjúkratryggingum en þar eru reglur á þann veg að umsóknarferli er þungt og greiðslur berast seint til þess sem réttar nýtur. Það er tillaga stjórnar að gerð verði könnun meðal félagsmanna um stöðu þeirra og réttindi í sjúkrasjóðum til að auka árvekni þeirra um mikilvægi þeirra og brýna að slík réttindi eru ekki fengin nema með mánaðarlegu framlagi til félagsins um kerfi BHM.

Starfandi leikstjórar

Óskað var eftir upplýsingum frá helstu leikslistarstofnunum um þá sem sinna mundu starfi leikstjóra á þeim vetri sem nú er liðinn.

Hjá Þjóðleikhúsinu voru starfandi 6 félagsmenn og 6 utanfélagsmenn. Af þeim greiddu 5 tilskilin gjöld til félagsins. Engir samningar bárust félaginu eins og tilskilið er í samningi FLÍ, Fjármálaráðuneytisins/Þjóðleikhússins.

Hjá Leikfélagi Reykjavíkur voru starfandi 10 leikstjórar. 5 þeirra eru félagsmenn, 4 þeirra greiddu tilskilin gjöld til félagsins, 1 þeirra sem er utan félagsins. Þrír samningar bárust félaginu og er vikið að þeim í sérstökum kafla hér að neðan.

Hjá MAK voru starfandi 4 leikstjórar, 3 þeirra félagsmenn og greiddu þeir til félagsins samkvæmt lögum félagsins. Einn þeirra hefur starfað utan félagsins allan sinn feril og aldrei greitt til félagsins. Tveir samningar hafa borist félaginu.

Hjá RUV – hljóðvarpi voru starfandi 4 leikstjórar og eitt leikstjórnarteymi, alls 7 einstaklingar. Þrír þeirra eru í félaginu. Engin samningsbundin gjöld bárust frá RUV – hljóðvarpi. Sömu sögu er að segja af hópi leikstjóra sem vinnur hjá RUV – sjónvarpi. Þeir vinna allir á verktakasamningum.

Því er þessi skrá birt hér að hún sýnir stöðu félagsins. Hér má sjá hóp leikstjóra sem kýs að vera utanfélags og vinna flestir þeirra í verktöku. Annar hópur leikstjóra eru fastráðnir leikarar hjá viðkomandi stofnun og ráðnir til leikstjórnar á sérsamningi. Um ráðningu þeirra eru gildandi samningar við LR sem gera ráð fyrir 57% álagi á launaflokk viðkomandi.

Á liðnum vetri gaf þjóðleikhússtjóri þær upplýsingar að frá áramótum 2017/18 fengju fastir starfsmenn verktakalaun í ábót fyrir leikstjórn kr. 2,5 milljónir, en fjárhagsárið 2017 hafi hún numið 2,0 milljónum.

Nú má færa rök fyrir því að leikstjórnarvinna á þriggja til fimm mánaða launasamningum henti einhverjum betur í verktöku. Raunar sýna gögn að slíkir samningar eru feluleikur, öll umgerð slíkra samninga er sniðin eftir launasamningum félagsins, ef frá eru talin launategd gjöld, bæði til hins opinbera, félagsins og til sjóða BHM. Og það sem meira er: verktakasamningar sem opinberar stofnanir bjóða þrátt fyrir að stjórnendur þeirra viti mætavel af ýmsum vanköntum sem á þeim eru t.d. slysa og dánartrygginu á vinnustað, skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem að verkinu koma, veikindarétti, orlofsrétti, orlofs- og desemberuppbót og höfundarrétti sem samkvæmt almennum reglum verktökuvinnu fellur alfarið burt.

Verktakavinna leikstjóra sem leikhússtjórar bjóða og leikstjórar þiggja er alvarleg aðför að rétti leikstjóra og til þess fallin að grafa undan stéttinni.

Alvarlegur brestur á samningsbundnum skilum til félagsins á öllum samningum torverldar félaginu að fylgjast með framkvæmd samninga, kanna hlut t.d. kvenna eða nýliða í verkefnaflórunni og almennt á því á að farið sé eftir samningum. Ekki er óeðlilegt að spurt sé hvort þetta ráðslag samningsaðila okkar sé vísitandi brestur til þess eins að veikja félagið og samningsstöðu leikstjóra. Taka verður fram að sú framkoma er alvarlegt brot á lögum um tilgang Þjóðleikhúss og lögum Leikfélags Reykjavíkur um hlutverk félagsins.

Launahækkunir

Í júlí 2017 var send áminning til félagsmanna um taxtahækkunir samkvæmt kjarasamningum á launum leikstjóra við Þjóðleikhúsið. Var þar vakin sérstök áhersla á bættum kjörum leikstjóra varðandi viðbótarlífeyrissparnað: Samkvæmt samkomulagi við fjármálaráðuneytið frá 27. nóvember 2015 hækkaði mótframlag atvinnurekenda úr 8,5% frá 1. júlí 2017 í **10%** og mun hækka í **11,5%** frá 1. júlí 2018. Var það enn ítrekað í áminningu til félaga skömmu fyrir aðalfund samfara því að minnt var á hækkunir samninga félagsins við Þjóðleikhúsið, LA (MAK) og RUV þann 1. júní og væntanlega samningshækkun þann 1. september hjá LR, sem er í SA, sem hafa viðurkennt samskonar hækkun fyrir aðildarfélög sín.

Enn verður að ítreka að þessi hækkun á viðbótarlífeyrisgreiðslum nær einungis til þeirra sem nýta þessi valkvæðu réttindi. Er mikilvægt að félagsmenn gæti að þessari hækkun í launasamningum sínum og sé þess ekki getið í samningi skulu þeir ganga eftir þessum rétti sínum.

Menningarsjóður - úthlutanir

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskrar leiklistar með því að veita leikstjórum styrki til a) framhaldsnáms, b) rannsóknarstarfa, c) ferðalaga erlendis til að kynna sér það sem efla mætti listþroska þeirra.

Stjórn menningarsjóðs FLÍ er skipuð Tryggva Gunnarssyni gjaldkera stjórnar FLÍ, Rúnari Guðbrandssyni kjörinn á aðalfundi FLÍ 2016 og Ara Matthíassyni þjóðleikhússtjóra, sem tilnefndur er af stjórn SSÍ. Samtals var á árinu 2017 auglýst í tvígang samkvæmt venju og sótti einn um í bæði skiptin. Fengu þau María Ellingsen og Hafliði Arngrímsson styrk. Heldur rættist úr í umsóknum fyrri hluta árs 2018 en þá fjölgaði umsóknum verulega, voru átta. Tók sjóðstjórn ákvörðun að veita einn riflegan styrk að upphæð kr. 100.000.- og sex ferðastyrki að upphæð kr. 25.000. Styrkþegar voru: Agnes Wilde Þorkeldsdóttir, Árni Kristjánsson, Ástbjörg Rut Jónsdóttir, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Karl Ágúst Þorbergsson, María Reyndal. Gerðist það í fyrsta sinn að umsækjandi hafnaði styrk sökum þess hversu lágur hann var.

Þess má geta að nú eru félagar teknir að senda umsóknir inn á öllum tímum árs en ekki bara í kjölfar auglýsingar.

Þeir Rúnar og Ari biðjast undan endurkjöri í úthlutunarnefndina. Skal annar þeirra kosinn á aðalfundi en hinn skipaður af SSÍ. Benti Ari á í úrsögn sinni að kynjahalli væri í skipan fráfarandi stjórnar.

Umsókn um aðild að starfsþróunarsetri BHM

Í júní sótti félagið um aðild að starfsþróunarsetri BHM en setrið veitir félögum aðildarféлага styrki til starfsþróunar, stakra verkefna og framhaldsmenntunar til annarra starfa. Svar barst ekki fyrr en seint og síðir og var hafnað á þeirri forsendu að ekki væri gert ráð fyrir aðild í kjarasamningum félagsins. Bætist það á verkefnalista samninganefndar fyrir komandi kjarasamninga 2019 að koma því réttindamáli inn í kjarasamningana. Gjald til Starfsþróunarsetursins er 0,7% og greitt af vinnuveitanda.

Leiklistarráð og launasjóður

Formaður var í júní skipaður varamaður í Leiklistarráð og Launasjóð sviðslistafólks sem nú eru komnir í umsjón Rannís. Aðalmaður var Hilmar Jónsson, en aðrir í báðum sjóðum voru Ólöf Ingólfssdóttir dansari með meiru og Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri ÍD. Hilmar reyndist er til kom vanhæfur og tók formaður því sæti í nefndinni. Reyndist það nær mánaðarvinna en kom að því leyti að gagni að formaður kynntist þessu ferli. Umsóknum og frágangi þeirra, launaviðmiðum í umsóknum, markmiðum í sviðsetningu. Var það fróðlegt ferli. Af því tilefni er lagt til að hafnar verði viðræður fyrir Sjálfstæðu leikhúsin um greiningar á reiknuðu launahlutfalli v. umsókna fyrir skilafrest 1. október næstkomandi.

IHM

Talsverð vinna fór í undirbúning og vinnslu vegna endurgreiðslu til rétthafa vegna afritunar til einkanota. Sem kunnugt er hótaði Innheimtumiðstöð höfundarréttargjalda málsókn á hendur Ríkissjóði í ljósi þess að stjórnvöld höfðu árum saman komið sér undan lögbundinni skyldu sinni að greiða rétthöfum sanngjarnar bætur fyrir eintakagerð til einkanota og fjármálaráðuneytið hafði lengi vitað að regluverk vegna afritunarbúnaðar væri úrelt orðið. Varð það úr að breyting var gerð á höfundalögum skömmu fyrir þingslit haustið 2016 og samþykkt að greiða höfundarréttarsamtökunum eingreiðslu ár hvert fyrir afritun til einkanota árin 2016, 2017 og 2018. Þegar lágu hjá IHM bætur vegna árána 2013-2015.

IHM lenti í nokkru þvargi við fjármálaráðuneytið vegna túlkunar en seint á árinu 2017 bárust loks greiðslur til IHM sem þá átti eftir að útteila og var það gert í framhaldi af úrskurði stjórnar IHM, sem er skipuð samkvæmt lögum samtakanna örfáum fulltrúum aðildarféлага. Reglur hafa engar verið í gildi um úthlutun þessa og samdi stjórn FLÍ því reglur byggðar á punktakerfi. Voru þær birtar á vefsíðu okkar samfara auglýsingu í Morgunblaðinu sem einnig var send á netskrá félagsins, birt í sendingu á lokaðan hóp leikstjóra, nema og nýliða. Hafa ekki borist athugasemdir um kerfið en það verður kynnt frekar á aðalfundi undir liðnum önnur mál.

Barst úrskurðað fé til FLÍ ekki fyrr en nokkuð var liðið á árið 2018. Kom í hlut leikstjóra fyrir 2017 kr 3.229.897 en af því ber okkur að taka 20 prósent umsýslugjald eða kr. 645.979- sem jafnframt skal vera tryggingarfé komi til kærufarna. Til úthlutunar voru því 2.583.918 kr. Frá fyrra tímabilinu 2013-2015 voru í sjóð IHM fyrir FLÍ kr. 633.078. Umsóknir vegna bóta fyrir árin 2013-2015 voru 7 vegna 22 fluttra verka, 4 á RUV og 18 á Rás 1. Samkvæmt matsreglum voru þau metin alls til 54 eininga. Hæstu bætur voru kr. 234.744.

Umsóknir vegna bóta fyrir árið 2016 voru 23 vegna 105 fluttra verka, 10 á RUV, 21 á Rás 1, 83 á Hlaðvarpi og 1 á Sarpi, alls 243 einingum. Úthlutað var kr. 2.582.114. Hæstu bætur voru 404.069.

Í undanfara þessarar afgreiðslu leitaði stjórn til allra félaga IHM eftir reglum og var fát um svör og var því leitað á heimasíður viðkomandi og reynt að grafst fyrir um afdrif þess fjár sem úthluta skal. Er auglýsing Rithöfundasambandsins (RSÍ) birtist kom í ljós að höfundar leikins efnis, þar með talið leikgerða leikstjóra, voru undanskildir í úthlutun. Leitað var skýringa hjá RSÍ og reyndust þær veigalittlar. Leitað var til mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir frekar skýringum en þar á bæ töldu menn sig hafa litla ábyrgð.

Í kjölfar þess hafa Félag leikskálda og handritshöfunda og Félag leikstjóra á Íslandi undirbúið bótakröfu á hendur IHM fyrir hönd skjólstæðinga sinna og mun það í fyrsta sinn sem reynir á bótaskyldu IHM vegna vanrækslu eða misskiptingar við úthlutun þessara bóta.

Þá er ljóst að veigamiklar breytingar verða á skiptingu fjárins fyrir árið (2017). Burtu er þá ríkur kröfuréttur dánarbúa sem áttu rétt á bótum vegna efnis á hlaðvarpi 2016. Einnig hefur hljóðvarpsverkum enn fækkað á RUV en þá er til þess að taka að leikstjórar talsetninga á teiknimyndum sóttu ekki rétt sinn síðast, en gagnöflun FLÍ verður að styrkja svo á komandi hausti til grundvallar úthlutun að þeirra hlutur verði ekki fyrir borð borinn.

Skil milli leikstjóra sjónvarpsefnis af ýmsu tagi (hátíðadagskrár, söngvakeppni, stuttmynda, framhaldspátta og kvikmynda) eru oft afar óljós. Er það eitt verkefna komandi starfsárs að hafa samráð við Samtök kvikmyndaleikstjóra og Félag kvikmyndagerðarmanna um starfsreglur milli sviða leikstjórnar til að skýra hagsmunavörslu við úthlutun.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands), SKL (Samtök kvikmynda-leikstjóra), F-SÍK (Framleiðendafélagið - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra leikara), FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef og FLÍ (Félag leikstjóra á Íslandi).

Aðalfundur kýs aðmann og varamann í fulltrúaráð IHM. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár. Fulltrúar FLÍ í fulltrúarráði IHM 2017-2018 voru Páll Baldvin Baldvinsson, varamaður var Kolbrún Halldórsdóttir og bjóða þau fram krafta sína til áframhaldandi setu.

RUV

Viðgangur og staða ríkisútvarpsins réðist á sínum tíma að stórum hlut af leiknu efni sem færði landsmönnum skemmtun. Staða sjónvarps á Íslandi hefur lengi verið veik hvað varðar innlent leikið efni. Þó er ljóst nú þegar línulegu áhorfi er að ljúka í neyslu sjónvarpsefnis að sjónvarpsstöðvarnar eiga þann möguleika einan til að halda lífi að bjóða þjóðinni upp á leikið efni.

Allt til 1986 var í gildi samningur milli FLÍ og RUV um leikið efni í sjónvarpi. Aldrei voru gerðir samningar við aðrar sjónvarpsstöðvar eftir að þær komu til. Sá samningur er enn í gildi og hefur samninganefnd RUV ekki lagt fram nein gögn um uppsögn hans. Því miður fór svo að kvikmyndaleikstjórar hættu samstarfi við FLÍ um samninga við RUV um leikið efni. Sveit leikstjóra sem sinnir leiknu efni í sjónvarpi er því klofin og ekki bætir þá stöðu að margir leikstjórar vinnandi í myndmiðlum eru eigin framleiðendur og eiga því tvöfaldra samninga að gæta.

Samningar RUV og FLÍ náðust með því fara með kaupdeilu aðila til ríkissáttasemjara. Samningurinn hafði þá legið nánast óbreyttur frá 1996. Nýr samningur var gerður 2014 og rann út 31. 12. 2016. Hófust þá þreifingar um nýjan samning en strax varð ljóst að RUV vildi gerbreyta samningsforminu. Hefur á fundum aðila allt árið 2017 verið margítrekað að FLÍ sé reiðubúið að skoða allar tillögur, en þær hafa ekki varið lagðar fram af RUV-liðum.

Eftir því sem næst verður komist af óljósu tali stjórnenda RUV þá býr að baki sá vilji stofnunarinnar (stjórnar? útvarpsstjóra?) að kaupa allan rétt til flutnings efnisins og greiða lítið fyrir, ef nokkuð.

Samninganefnd okkar lagði fram tillögu í upphafi árs að samið yrði um fjölgun leikverka á dagskrá Rásar 1 og þá lítið til þess stóra safns verka sem varðveitt eru hjá RUV. Bauð félagið til umræðu um verulegan afslátt til þess eins að koma eldri hljóðritum í stafrænt form. Höfðum við óskað eftir samstarfi við Félag leiksskálda og handritshöfunda, Rithöfundasamband Ísland og Félag íslenskra leikara en þar var fátt um svör. Einnig var óskað eftir samstarfi við þessi félög um sókn á hendur RUV fyrir birtingu og opinberan aðgang á hlaðvarpi á 40 verkum sem þar voru aðgengileg um 7 mánaða tíma eða sjöfaldan samningsbundinn leyfistíma. Var sá fundur haldinn sama dag og útvarpsstjóri kallaði öll höfundarréttarsamtök til fundar og hóf samtalið við þau um nýja hugsun í réttindaafsali höfunda og flytjenda. Vildi hann ljúka þeim samræðum fyrir vor 2017. Þegar var ljóst að öll félög réttthafa kusu að halda um sinn rétt og hugmyndir útvarpsstjóra svo ómótaðar sem þær féllu í grýttan jarðveg. Leið svo sumarið og fátt gert.

Um haustið kaus RUV nýja leið: stjórn IHM barst beiðni um viðræður um aukinn rétt og var greint frá þeim í október. Sem fyrr voru hugmyndir RUV afar óljósar, einkum um samsetningu pakkans sem þeir vildu kaupa, hvað hann átti að innihalda og hversu stór í mínútum talið, en verðhugmynd þeirra var 10 milljónir á ári. Á fjölskipuðum stjórnarfundum IHM, þremur frá áramótum, hefur hugmyndinni verið hafnað en skýringa óskað um magn og samsetningu pakkans sem RUV vill fá til endurnota takmarkalaust.

Ekki er vafi á að seinangangur í endurnýjun samnings RUV og FLÍ stafar af erindisrekstri útvarpsstjóra og starfsmanna hans í þessu máli sem hér er rakið.

Því verður það eitt verkefna komandi starfsárs að móta kröfur FLÍ að nýju og takist ekki að fá RUV að samningaborðinu draga þá öðru sinni til sáttasemjara. Jafnframt verður stjórn að einhenda sér í samræður við aðra réttthafa til að heimta endurgjald fyrir það efni sem lá án endurgjalds á Hlaðvarpi með aðstoð dómstóla ef þarf.

LR

Þrjú leikstjórar sendu afrit af samningum sínum til félagsins snemma á árinu 2017 og var farið yfir samningana og reyndust á launabættinum nokkrir ágallar. Var tekið saman yfirlit í hverju þeim var ábótavant og sent til stjórnar leikhússins sem tók við þeim. Liðu hundrad dagar án skýringa um leiðréttingar. Var erindið þá ítrekað og er enn beðið svars.

Samningar við LR renna út á næsta ári og verður að hefja viðræður við stjórn félagsins á komandi hausti.

NSIR

Í lok maí 2018 komu átta forráðmenn norrænu leikstjórasmatakanna til fundar í Reykjavík en þá voru liðnir 18 mánuðir frá síðasta samráðsfundi félaganna. Stóðu fundir í tvo daga og voru gagnlegir. Í samanburði við aðstæður leikstjóra á öðrum Norðurlöndum er staða leikstjóra á Íslandi nokkuð góð, ráðningartíma lengri en verkefni hlutfallselag nokkuð færri. Þar eins og hér ber nokkuð á að leikstjórar vinni undir launatöxtum og eru félögin missterk til að hamla gegn undirboðum. Athygli vakti sem fyrr að íslenskir leikstjórar njóta

höfundarréttargjalds af leiksýningum eftir tiltekin fjölda sem þekkist ekki ytra nema í sviðsetningum sem settar eru upp af einkaaðilum í hagnaðarskyni.

Víða er unnið að framgangi hugmynda sem tryggja tilteknum hópi listamanna lágmarkslaun um lengri tímabil í stað atvinnuleysisbóta. Er sú hagsbót listastétta lengst komin í Svíþjóð, en þekkist víðar td. Í Frakklandi og Belgíu.

Á öllum norðurlöndum gætir sömu tilhneigingar í yfirtöku allra réttinda leikstjóra hjá ríkisreknum útvarps- og sjónvarpsstöðvum í samningum. Hefur sú deila harðnað svo í Noregi að NRK ræður enga leikstjóra í vinnu og hundsar fyrri réttindi þeirra. Þar hafa blaðamenn einnig átt í harðri launabaráttu. Vaknaði sú spurning á fundinum hvort það væru samantekin ráð yfirmanna ríkisútvarpsstöðva á Norðurlöndum að ná tangarhaldi á efnisréttindum höfunda, leikara og leikstjóra eins og sýnist vera stefnan hér á landi.

Margvísleg gögn komu fram á fundinum hér og mun stjórn vinna úr þeim stutta vegvísa og dreifa til félagsmanna á komandi mánuðum.

Drjúgur tími fór í að ræða me-too, opinberun, umræðu og mótaðgerðir. Kom nokkuð á óvart hvað norrænir fulltrúar þekktu lítið til umræðunnar á Bretlandi og í hópum bandarískra sviðslistamanna, en viðbrögð virðast víðast hafa verið svipuð og hér. Finna mátti fyrir kynbundnum mismun hjá gestum um alvarleika þessa máls, en allir guldu varhug við að traust og samstaða vinnunnar í æfingum bæri skaða af bylgjunni og andstöðu við hreinskiptum umræðum um mörk og mið.

Sviðslistamiðstöð

Eins og kunnugt er hafa stéttarfélög sviðslistamanna barist fyrir því um langt skeið að komið yrði á stofn kynningarmiðstöð sviðslista sambærilegri við þær miðstöðvar sem þegar starfar innan list- og menningargeirans. Í drögum að nýjum sviðslistalögum sem kynnt voru forystumonnum Þjóðleikhúss, ÍD og ÍÓ, fulltrúum BÍL og Sviðslistasambandsins er gert ráð fyrir slíkri miðstöð, en frumvarp þess efnis er enn ekki komið fram.

Mennta- og menningarmálaráðherra setti snemma vetrar á stofn hóp til að skoða kosti og galla þess að setja undir einn hatt miðstöðvar hönnunar, tónlistar, tónverka, kvikmynda, myndlistar og bókmennta. Hafði á sínum tíma verið unnið álit um það efni og gætti því nokkurrar undrunar í starfshópnum á skilgreiningu verkefnisins. Hópurinn hefur komið saman tvisvar sinnum frá stofnun, svo ekki hefur verið mikill gangur í vinnunni. Mögulega er það vegan þess að í desember kom nýr ráðherra til starfa, sem kann að hafa önnur sjónarmið um samstarf miðstöðvanna, um það er ekki vitað, en í upphaflegu erindisbréfi var hópnum ætlað að skila áliti sínu 1. júní síðastliðinn.

Húsnæði til afnota

Húsnæði félagsins að Lindargötu hefur verið illa nýtt og var gripið til þess ráðs 2017 að leigja það að hálfu á móti gistileigjendum sem hefðu þar aðstöðu til lengri eða skemmri tíma. Hafa nokkrir nýtt sér aðstöðuna. Félagið tók húsnæðið alveg upp á sína arma frá áramótum og hefur auglýst það til afnota: Hot Ice var þar með skrifstofu og fundaraðstöðu um tíma og þegar hafa aðilar lýst áhuga á húsnæðinu frá 1. ágúst. Njóta félagsmenn þar bestu kosta en leigu er annars stillt í hóf. Fleiri vinnustofur eru nú komnar í leigu og not á Lindargötunni á vegum leiksskálda og handritshöfunda og verður að fagna þeirri þróun.

Bandalag íslenskra listamanna

Kraftmikið starf ritara Félags leikstjóra sem forseta BÍL kallaði á reglulegar fundarsetur, lestur á gögnum og þáttöku í samtali formanna aðildarfélaganna sem þar mættu. Var það samtali að flestu jákvætt þó oft risu þar sömu viðfangsefni: bág staða listamanna almennt. Bandalagið stóð fyrir samtalsmeðferð á fulltrúum stjórnaráðs flokkanna og var kyrfilega hundsáð af stærsta stjórnaráðs flokki landsins - Sjálfstæðisflokknum.

Yfirleitt er samhugur með félögum listamanna en eftir aðalfund og á síðustu dögum fráfarandi stjórnar Rithöfundasambands Íslands kom skyndilega fram erindi sem lýsti starfsemi BÍL of mikla og tímafreka, var þar lögð til breyting á lögum á þann veg að félagafjöldi réði atkvæðamagni, starfið yrði flutt frekar til félaganna sjálfra. Undruðust aðrir stjórnarmenn þessa tillögu sem hefði átt erindi á aðalfund samtakanna fáeinum vikum fyrr. Rithöfundasambandið hefur vissulega haldið uppi þróttmiklu starfi í samvinnu við stjórnvöld til að styrkja stöðu tungumáls, læsis og bókmennta en þessi sjálfstæðistilhneiging fráfarandi stjórnar féll ekki í góðan farveg og má vænta þess að á komandi starfsári verði ný stjórn RSÍ knúin svara um skýra afstöðu í þeim málum sem fyrri stjórn bryddaði upp á síðustu andartök sín.

Formaður sat stjórnarfundum BÍL, en varamaður var Tryggvi Gunnarsson. Er lagt til að sú skipan haldist.

Heimsókn til LHÍ

Forystumönnum fagfélaga sviðslistanna var boðið í Listaháskólann til að kynna þeim nemendum sem nú eru að útskrifast hvað félögin eru og hvað þau standa fyrir. Kynningin tókst vel og voru fjölmargar fyrirspurnir. Þessum hóp verður að senda nú í byrjun nýs starfsárs boð um þáttöku í félaginu. Það er afar mikilvægt að félagið vinni skipulega að nýliðun og kalli eftir þáttöku allra starfandi leikstjóra í starfi félagsins.

Listahátíð

Félag leikstjóra er aðili að Listahátíð í Reykjavík frá fornu fari. Fulltrúar félagsins koma þar kurteislega á fulltrúaráðsfundi sem eru eins og ágætur maður sagði: dýrasti kaffibolli á landinu.

FLÍ átti á liðnu ári fulltrúa í Fulltrúaráði Listahátíðar: Aðalmaður var Páll Baldvin og varamaður Tryggvi Gunnarsson.

Þjóðleikhúsráð

Við stofnun Þjóðleikhússins var Þjóðleikhúsráð skipað af Alþingi og voru ráðsliðar fulltrúar stjórnaráðs flokka á Alþingi. Með leiklistarlögum var látið af því fyrirkomulagi en menntamálaráðherra skipaði þrjá af fimm ráðsmönnum en FÍL og FLÍ tilnefndu fulltrúa sem ráðherra skipaði. Hefur um langan tíma verið sú venja að formenn félaganna sitji í Þjóðleikhúsráði.

Um ráðið segir í leiklistarlögum frá 1996: „Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og

fjárhagsáætlun skal lögð fyrir Þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.”

Í reglugerð um Þjóðleikhús segir: „Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd leikhússins. Starfs- og fjárhagsáætlun hvers leikárs skal borin upp í Þjóðleikhúsráði til samþykktar, svo og reikningar hvers liðs starfsárs. Ráðinu ber að fylgjast með framkvæmd áætlana og stuðla að því að starfsemin búi við raunhæfan rekstrargrundvöll. Ráðið vinnur með Þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemi leikhússins og er umsagnaraðili um allar meiriháttar ákvarðanir og stefnumarkandi mál. Þjóðleikhúsráð er umsagnaraðili um skipan Þjóðleikhússtjóra og setur sér vinnureglur um mat á hæfni umsækjenda. Fundir Þjóðleikhúsráðs skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á starfstíma leikhússins. Formaður ráðsins boðar til funda og stýrir þeim. Halda skal gerðabók um störf Þjóðleikhúsráðs.”

Páll Baldvin hóf setu í ráðinu sem varamaður í forföllum Söru Martí í byrjun árs 2016 og varð aðalmaður síðla hausts 2016. Þegar hann settist í ráðið sem varamaður óskaði hann eftir starfsreglum ráðsins umfram það sem getið er um í lögum og reglugerð. Hefur sú beiðni verið ítrekuð margsinis, enda eðlilegt að með tilkomu nýrra starfshátta í ríkisfjármálum þurfi leikhúsið á hverjum tíma að skipuleggja starfsemina 18 mánuði fram í tímann, þ.e. þegar fjárhagsáætlun er lögð fram að hausti þurfi hún að ná til loka komandi árs.

Varamaður Páls er Sara Martí og eru þau skipuð til 1. desember 2019.

Sviðslistasamband Íslands

Sviðslistasamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að málefnum sviðslista á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni SSÍ verið eftirfarandi:

- Endurskoðun á starfi og skipulagi Grímunnar lauk með því að valnefnd lauk öðru sinni störfum á nýafstaðinni Grímu. Dagleg umsjón var á hendi Birnu Hafstein og Hrafnhildar Theódórsdóttur og má segja að þær hafi mátt vinna það starf frá núlli. Fráfarandi starfsmaður skildi fá gögn eftir um framgang verkefnisins. Er nú í ráði að taka saman bók um allt dæmið og skilgreina verkferla frá A-Ö. Þriðja valnefndin samkvæmt nýja fyrirkomulaginu er tekin til starfa og tók Stefán Jónsson leikstjóri að sér að sinna því að þessu sinni fyrir hönd FLÍ en Ásgeir Sigurvaldason lét af störfum. Eru honum þökkúð samvisskusamlega unnin störf á liðnu ári.
- Brýnt er að vinna að samningum um Grímuna til langs tíma, 3-5 ára, við RUV og þær leikhússtofnanir sem geta hýst viðburðinn: Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Fyrir tæpu ári kom í ljós að Þjóðleikhúsið treysti sér ekki til að hýsa Grímuna og var henni á endanum holað niður í Borgarleikhúsi og flýtt vegna þrengsla þar. Koma verður húsnæðismálum hátíðarinnar í fastan farveg. Gera þarf kostnaðargreiningu á nýjan leik eftir reynslu liðsins árs og setja SSÍ fjárhagsáætlun.
- Til sambandsins hafa borist fáeinir beiðnir um fjárstyrk en ekki er markaður farvegur fyrir slíkt í starfi þess og því nauðsyn að ákveða hvernig skal auglýsa og kynna slíka styrki, áætla þeim fjármagn og tilgang.

- Í vændum er þriðja tilraun mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að koma fram breytingum á sviðslistalögum. Kynnt var skömmu eftir áramót að vænta mætti frumvarpsins til umsagnar á vef ráðuneytisins innan tíðar en það hefur ekki komið fram enn. Fulltrúar ráðuneytisins, verkefnastjóri og lögmaður, kölluðu á fulltrúa ÍD, ÍÓ, Þjóðleikhúss, BÍL og SSÍ til fundar nokkru eftir áramót og kynntu meginbreytingar sem trúnaðarmál. Má vænta þess að einhverjar breytingar verði á þeim drögum sem þar voru kynnt.

Páll Baldvin situr í stjórn Sviðslistasambandsins fyrir hönd fagfélaga og varamaður hans var Stefán Hallur. Er lagt til að þeir sinni því starfi áfram.

Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands

Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands hefur undanfarið leitað leiða til að koma safnkosti Leikminjasafnsins fyrir til varanlegrar varðveislu í höfuðsöfnum Þjóðarinnar, Landsbókasafni og Þjóðminjasafni. Þessi ráðstöfun helgast af því að eftir að endurnýjuð safnalög tóku gildi 2013 var ljós sá vilji stjórnvalda að söfnum í landinu yrði fækkað og ábyrgð viðurkenndra safna yrði aukin. Þar með var ljóst að Leikminjasafn Íslands þyrfti að skoða tilverugrundvöll sinn, enda ljóst að safnið myndi ekki njóta viðurkenningar skv. nýjum safnalögum og yrði þar með ekki gjaldgengur umsækjandi um styrki úr Safnasjóði, nema í samvinnu við burðugri söfn. Gerðir hafa verið samningar við Landsbókasafnið um skráningu og varðveislu allra bóka og handrita úr safnkosti Leikminjasafns, og við Þjóðminjasafnið um skráningu og varðveislu þeirra gripa sem safninu hafa áskotnast. Þessi vinna stendur yfir, en erfitt hefur reynst að fá fjármagn til að ljúka verkefni. Nýr mennta- og menningarmálaráðherra hefur umsókn safnsins um þriggja ára samning til umfjöllunar og er að vænta niðurstöðu úr umfjöllun ráðuneytisins innan skamms, þar sem afstaða verður tekin til beiðni stjórnar og fulltrúaráðs safnsins um að Leikminjasafni Íslands verði komið fyrir í Þjóðarbókhöðunni með sama hætti og Tónlistarsafni Íslands.

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Leikminjasafns Íslands hafa verið þau Jakob S. Jónsson aðalfulltrúi og Ásdís Þórhallsdóttir til vara. Ásdís hefur jafnframt setið í stjórn safnsins sl. 6 ár, lét af því starfi á aðalfundi safnsins í apríl sl. og gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Á þessum aðalfundi er því gerð tillaga um að Kolbrún Halldórsdóttir taki sæti hennar sem varafulltrúi FLÍ í fulltrúaráði Leikminjasafns Íslands.

Talía-loftbrú

Talía er sjóður í eigu Félags íslenskra leikara, Félags leikskálda og handritshöfunda, Félags leikstjóra á Íslandi og Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við sýningu og kynningu á íslenskri sviðslist erlendis og er sjóðurinn ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Staða sjóðsins er veik en tilraunir til að finna sjóðnum kostunaraðila til móts við Reykjavíkurborg hafa ekki borið árangur. Síðast var veitt úr sjóðnum fyrir þremur árum. Umsóknum hefur verið hafnað jafnharðan vegna stöðu hans. Nú stendur hins vegar til að reyna að efla sjóðinn á nýjan leik og eru í gangi tilraunir til að fá fjársterk fyrirtæki til að leggja sjóðnum lið við endurreisn hans.

Stjórn skipar einn áheyrnarfulltrúa í stjórn Talíu. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár. Fulltrúi FLÍ í stjórn Talíu 2017-2018 var Páll Baldvin Baldvinsson

Samráðsnefnd FLÍ FÍL FÍLD FLH og FTR

Í stjórn FLÍ var samþykkt fyrir skömmu að kalla fagfélög sem málið varðar á samstarfsfund um sameiginlega hagsmuni sviðslistafólks og mögulega sameiningu félaganna undir einn hatt. Sjá síðar í skýrslunni.

Upphaflega var samráðsnefndin sett á stofn innan vébanda SSÍ en vettvangur þess reyndist illa megnugur til að samræma sjónarmið sín og veita sameiginlegarumsagnir um fyrri sviðslistafrumvörpin tvö, sem komu fram á ráðherratið Katrínar Jakobsdóttur, enda hagsmunir þeirra sem skipa sambandið um marft ólíkir. Þar takast á sjónarmið sjálfstæðra hópa, sjálfseignarstofnana með styrk frá sveitarfélagi/ríki og opinberra stofnana með ólík hlutverk t.d. Þjóðleikhús, Ríkisútvarp og Íslenski dansflokkurinn.

Samstarfsnefnd stéttarféлага sviðslistafólks hefur ekki komið saman á liðnu ári, þó nokkuð samráð hafi verið haft við forystu FÍL og FL&H. Ekki fór frumvarp um sviðslistir fyrir Alþingi og sem fyrr eru sjónarmið ólík innan geira sviðslistanna.

Aðalmaður var Páll Baldvin og varamaður Tryggvi Gunnarsson.

Skoðunarmenn reikninga

Charlotte Bøving
Agnar Jón Egilsson

Höfundaréttarráð

Höfundaréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um þau málefni höfundaréttar sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á listir og samfélag.

FLÍ á rétt til setu í höfundaréttarráði. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum höfundaréttarráðs. Boða skal til fundar í höfundaréttarráði einu sinni á ári, að jafnaði. Enginn fundur var haldinn í ráðinu á liðnu starfsári.

Þann 25. maí óskaði mennta og menningarmálaráðuneyti eftir að skipaður yrði nýr fulltrúi í ráðinu og á stjórnarfundi þann 4. júní voru þau kosin til þess Kolbrún Halldórsdóttir og varamaður hennar Stefán Hallur Stefánsson. Hefur ráðuneytinu verið tilkynnt um þá ákvörðun í bréfi.

Stjórnir og ráð á vegum BHM

Mikið starf er unnið á vegum BHM og fær netfang félagsins daglega sendingar frá samtökunum um hin ýmsu mál. Bolmagn FLÍ til að sinna þeim starfsvettvangi að fullu er lítið, enda sitja þar í nefndum og ráðum launaðir starfsmenn hinna stærri féлага. Uppi hafa verið hugmyndir um að fagfélög listafólks gæti mögulega efnt til formlegs samstarfs um hagsmuni sinna félagsmanna innan BHM, svipað og sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa gert innan

Fræðagarðs. Slíkar hugmyndir koma til frekari skoðunar ef og þegar samtal um nánari samskipti/samstarf sviðslistafélaganna verður þróað áfram.

Á árinu olli nokkrum vonbrigðum afstaða lögmanns sambandsins, en leitað var til hans vegna samningsrofs MAK við Jón Pál Eyjólfsson, en hann taldi enga stöðu til afskipta að því máli.

Skipan okkar fólks í helstu nefndum sambandsins var sem hér segir:

Formannaráð BHM

Aðalmaður Páll Baldvin.

Varamaður FLÍ í formannaráði BHM er Tryggvi Gunnarsson

Fulltrúaráð Sjúkrasjóðs BHM

Aðalmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Varamaður: Páll Baldvin.

Fulltrúaráð Orlofssjóðs BHM

Aðalmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Varamaður: Páll Baldvin.

Fjárhagsstaða

Hér skal vitnað í skýrslu stjórnar frá lokum starfsársins vorið 2016:

“Á aðalfundi FLÍ 2015 kom fram að fjárhagsstaða félagsins hefur farið versnandi á síðustu árum. Fyrst kom hrúnið, sem veikti eignastöðuna nokkuð og við það bættist fremur lág ávöxtun á sjóðum félagsins eftir hrun. Svo hefur það haft áhrif að ákvörðun var tekin 2014 um að auka greiðslur til stjórnar félagsins vegna aukins álags af veru félagsins í BHM. Þá hefur það líka áhrif að á síðustu þremur árum hefur verið gerð gangskör að því að endurnýja alla samninga félagsins og hefur samninganefnd FLÍ fengið greitt fyrir fundarsetur. Af þessum ástæðum var ákveðið á aðalfundi 2015 að hækka lágmarksgjald það sem félagar greiða til félagsins úr kr. 15.000.- í kr. 24.000.- Um leið var gerð sú breyting á lögum félagsins að allir skyldu greiða lágmarksgjaldið, einnig þeir sem greiða til félagsins af tekjum sem þeir afla gegnum verkefni sem unnin eru á samningum félagsins.

Niðurstaða rekstrarins 2015 er sú að tapi hefur nú verið snúið í hagnað, þ.e. á árinu er tekjuafgangur að upphæð kr. 949.471.- en á árinu 2014 tapaði félagið tæpum 3,7 milljónum króna. Staðan er þó ekki betri en svo að fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er staðan neikvæð sem nemur kr. 1.390.654.- Þetta þýðir að tekjur félagsins duga ekki fyrir nema broti af rekstrinum og að ávöxtun sjóða félagsins, sem nam kr. 2.559.257.- er það sem heldur heildarniðurstöðunni réttu megin við núllið.

Vegna taps árána 2013 og 2014 benda endurskoðendur félagsins stjórn á það í áritun sinni að nauðsynlegt sé að brugðist verði við ójöfnuðu eigin fé, sem var í árslok tæpar 4,7 milljónir króna. Eiginfjárstaðan er þó eilítið betri en 2014, hún er nú jákvæð sem nemur 22,7 milljónum króna (var 22.06 2014).

Ástæður neikvæðrar rekstrarstöðu FLÍ eru þær hversu fáir félagar greiða gjöld til félagsins. Á árinu voru 104 félagar á félagaskrá, af þeim greiddu einungis 7 félagar gjöld til félagsins alla mánuði ársins. 13 greiddu flesta mánuði ársins. Á fyrstu mánuðum ársins 2016 eru einungis 19 félagar að skila gjöldum gegnum innheimtukerfi BHM. Við þetta bætist að 39 félagar eru 60 ára og eldri, en samkvæmt lögum FLÍ eru þeir undanþegnir félagsgjaldi. Sumir þeirra eru þó að greiða af launum sem þeir afla fyrir verkefni sem unnin eru á samningum félagsins. Af 104 skráðum félögum 2015 voru 15 sem hvorki greiddu lágmarksfélagsgjaldið né af launum sínum gegnum BHM.“

Það hefur verið meginmarkmið stjórnar síðan að halda í horfinu og freista þess að reka félagið án þess að ganga á eignir félagsins, en það er erfitt. Mun gjaldkeri gera grein fyrir stöðu félagsins á fundinum.

Breytingar á lögum FLÍ

Fyrir þessum aðalfundi liggur lagabreytingatillaga varðandi aldurstengingu félagsgjalda sem kom fyrst fram á aðalfundi félagsins í maí 2016 og fjallað var um á framhaldsaðalfundi þá um haustið. Þá var hún dregin til baka. Enn kom hún til umræðu á aðalfundi fyrir ári. Nú er svo komið að ekki verður lengur beðið og því eru lagðar fyrir fundinn breytingar á lögum um skipan félagsgjalda

Ákvæði um 1.5% hlut af launum starfandi leikstjóra er bundið í samninga félagsins við helstu samningsaðila og er því í gildi fram að nýjum kjarasamningum og verður ekki hnikað í bráð. Vænta má að ríkur hluti af vinnu komandi árs fari í að ná samkomulagi við RUV um not af eldri hljóðritunum – sem er beint hagsmunamál eldri leikstjóra og leikara í þeim hópi, að ógleymdum hagsmunum erfingja látinna leikstjóra. Það eitt ætti að réttlæta hækkun almenns félagsgjald til leikstjóra sem orðnir eru 60 ára sem hafa verið undanþegnir því til þessa.

Ef litið er á aldurssamsetningu í félagatali sést að þó félagið státi af fjölda félagsmanna undir fertugu er stærstur hluti félaga kominn yfir miðjan aldur. Mörg rök hníga að því að það sé brýnt hagsmunamál allra stétta sviðslistamanna að þeir komi sér saman um ein heildarsamtök og má í því sambandi vísa til reynslu myndlistarmanna með SÍM og sterka tilhneigingu RSÍ að starfa sem bandalag smærri félaga sem þó eru öll sjálfstæð að einhverju leyti.

Samstarf við FÍL og fleiri

Skömmu eftir aðalfund á liðnu ári barst stjórn FLÍ bréf frá skrifstofustjóra FÍL sem bauð upp á samstarf félaganna á þeim grundvelli sem þótti hentugastur: að leikstjórar gengju sem deild inn í FÍL. Stjórn taldi slíkt óaðgengilegt, sameiginlegir hagsmunir lægju víðar og félögin yrðu að mætast á jafnréttisgrundvelli kæmi til aukins samstarfs. Fátt hefur orðið úr frekari samræðu.

Samstarf milli FLÍ og Félags leikskálda og handritshöfunda er ekki mikið. Fulltrúar FLÍ og stjórnarmenn FÍL innan SHF á vettvangi IHM hafa haldið fram réttmætri kröfu leiksskálda og handritshöfunda um inngöngu í IHM sem stjórn Rithöfundasambandsins hefur lagst gegn. Umsókn FL&H hefur legið fyrir frá vori 2016.

Þá má minnast á stöðu Félags íslenskra listdansara sem er gamalt félag með fjölda félagsmanna en starfar ekki á stéttarfélagsgrunni og hið unga félag Danshöfundafélag Íslands, sem er í veikri stöðu til að vinna sínu fólki réttindi.

Það verður eitt verkefni komandi stjórnar að finna þessum félögum sameiginlegan vettvang til að efla hagsmunagæslu þeirra og styrkja stöðu þeirra, jafnvel þó hagsmunirnir skarist á mörgum sviðum.

Me-too

Mótmælabylgja kvenna vestan og austan hafs vegna eineltis, ofbeldis og áreitiss af kynferðislegum toga auk kynbundinnar valdniðslu, tók drjúgan tíma af vinnu stjórnar í desember og janúar. Fjórir kunnir leikhúslistamenn lentu í kastljósi fjölmiðla og birtar voru reynslusögur fjölda kvenna úr íslensku leikhúslífi sem leiddu í ljós að lengi og víða hafði

konum verið ofboðið með áreitni og árásum karla, leikara, tæknimanna og leikstjóra. Tveir leikstjórar/leikarar/kennarar viku af vettvangi Listaháskólans, einum leikara/leikstjóra var vikið úr starfi hjá LR og starfslokasamningur var gerðurvið stjórnanda hjá MAK sem var vikið úr starfi. Hlutverk þeirra stjórnarmanna FLÍ sem stóðu í eldlínu umræðu- og starfshópa innan Þjóðleikhússins og á vettvangi SSÍ var að minna stöðugt á almenn mannréttindi þeirra sem bornir voru óskýrum sökum og að hvetja til yfirvegunar í viðbrögðum stofnana. Okkar var að vernda og halda fram rétti okkar skjólstæðinga til löglegrar meðferðar kæmu bein kærutriði fram – sem þau gerðu ekki í þeim tilfellum sem nefnd eru hér að framan. Einu máli var vísað til BHM með von um aðstoð, en lögmaður þess taldi málsatvik slík að ekki yrði um gagnsókn að ræða.

Víst er að hreinsun aldagamalla tilhneinginga innan geirans um kynbundna áreitni og einelti var holl og kallar á nýja hugsun og markvissari á vettvangi sviðsvinnunnar og æfingasala. Á sama hátt og stéttarfélög og stofnanir hafa sett sér reglur um málsmeðferð vegna áreitis, eineltis og valdniðslu verða stéttarfélög að koma félögum sínum til hjálpar og varnar ef þarf til að tryggja réttláta meðferð kvartana og kærumála komi þau upp.

Er kominn tími á að skipaður sé trúnaðarmaður leikstjóra fyrir stóru vinnustaðina þar sem leikstjórar eru að störfum?

Stefnumið – drög að starfsáætlun

- Boða til áfangaviðræðna samkvæmt samningum við fjármálaráðuneyti/Þjóðleikhús og LR.
- Hefja undirbúning að endurskoðun kjarasamninga sem renna sitt skeið 2019.
- Hefja viðræður við stjórn og listrænan stjórnanda Íslensku óperuna um samning við félagið.
- Halda áfram viðræðum við RUV um uppfærslu samnings um hljóðvarp, nýja gerð kjarasamnings um vinnu í sjónvarpi frá 1986 og koma á reglu í endurflutningi í samráði við önnur fagfélög. Sækja greiðslur fyrir hlaðavarpssvörslu 40 verka á hlaðvarpi RUV 2016.
- Gera könnun á eftirlaunastöðu félagsmanna og lífeyrisréttindum í samstafi við FÍL og FL&H.
- Kalla saman samráðsnefnd fagfélaga Sviðslistasambandsins og kanna kosti og galla framkominna draga að Sviðslistafrumvarpi.
- Afla gagna um fyrirkomulag sjóða sem greiða listamönnum mánaðarlaun tímabundið í Svíþjóð, Belgíu og Frakklandi.
- Hefja viðræður við Sjálfstæða leikhópa og Bandalag íslenskra leikfélaga um launaviðmið leikstjóra.
- Senda út greiðslukröfu fyrir nýjum félagsgjöldum þegar að loknum aðalfundi með skýringum á félagsgjöldum en taka upp dreifingu innheimtu í fjórum greiðslum í von um betri skil. Koma félagsskírteinum út til greiðandi félaga þegar eftir mánaðarmót maí júní eftir að greiðsluseðill 1 af 4 er farinn út.
- Semja bréf á ensku til erlendra leikstjóra sem ráðnir eru til starfa hjá íslenskum leikhússtofnunum með útdrætti um helstu samningskjör.

- Taka saman minnisblað um stöðu aðstoðarleikstjóra og óska eftir greiningu og afstöðu Þjóðleikhúss, LR, LA og ÍÓ til þess.
- Halda áfram þátttöku í BHM og greina möguleika á að færa þangað hluta af starfi stjórnarmanna, skoða vilja annarra félaga listamanna til að styrkja stöðu listafólks innan samtakanna. Halda að félagsmönnum gæðum þátttöku í BHM.
- Halda áfram viðræðum með formlegum hætti við FÍL um samstarf:
 - Sameiginlega auglýsingu um vinnuherbergi á Lindargötu.
 - Greiningu á rekstrarkostnaði við félögin.
 - Samstarf um afstöðu í Þjóðleikhúsráði, Sviðslistaráði og gagnvart menntamálaráðuneyti.
- Halda áfram virkri sókn eftir félagsmönnum með boðum um félagsþátttöku, beiðnum um afrit samninga, minna á uppfærslur launastiga etc..
- Undirbúa verkagrunn vegna úthlutunar á bótafé fyrir afritun/eintakagerð til einkanota. Vinna drög að samningi fyrir dramaturga/leiklistaráðunauta.
- Skrá eignir félagsins í sérstaka skrá, uppfæra félagatal miðað við stöðu 11. júní og 31. desember 2018, koma skikki á skjalasafn (prentuð afrit úr Dropboxi) og uppfæra heimasíðu með heiðursfélagatali, félagatali og uppfærðum launatöflum fyrir 1. júlí og 1. september 2018.
- Koma norrænum samanburðartölum og skýrslum til félaga.
- Setja á laggirnar starfshóp sem fái það verkefni að greina launalið samninga félagsins og þau launatengdu gjöld sem bundin eru í samningum, með það að markmiði að varpa ljósi á eiginlegt álag þeirra sem gera verktakasamninga um störf leikstjóra. Einnig verði hópnum falið að kanna lögmæti samninganna með tilliti til gerfiverktöku.
- Setja saman heildstætt verktakasamningsform sem haldið verði að félögum sem það kjósa.
- Þjóða með virkum þætti nýjum starfskröftum í félagið.
- Setja saman drög að samkomulagi fagfélaga um samstarf sem regnhlífarsamtök.

Lagabreytingartillaga

9. grein

Aðalfundur ákveður félagsgjald sem félagsmenn greiða árlega. Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjald í eitt ár fellur aðild hans að félaginu niður. Félagar 60 ára og eldri skulu undanþegnir félagsgjaldi.

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingu á greininni:

9. grein - Breytingartillaga:

Aðalfundur ákveður lágmarksfélagsgjald sem félagsmenn greiða árlega. Að auki greiðir leikstjóri 1,5% af launum samkvæmt samningum félagsins í félagsgjald. Félagar 67 ára og eldri greiða sem nemur hálfu lágmarksfélagsgjaldi.

10. grein.

Félagsmaður, sem ekki greiðir gjaldfallin félagsgjöld sín fyrir aðalfund telst ekki lengur fullgildur félagi, heldur aukafélagi, en verður fullgildur félagi aftur um leið og hann greiðir gjaldfallna skuld sína.

Félagsmaður, sem tekur verktakagreiðslu hjá samningsbundnum vinnuveitanda, er ábyrgur fyrir því að hann eða samningaðilinn geri félaginu skil á 1,5% félagsgjaldi og gjaldi í menningarsjóð FLÍ samkvæmt samningum félagsins, reiknað sem hlutfall af upphæð sem samsvarar því að um venjulega launagreiðslu hefði verið að ræða.

Óski félagi að ganga úr félaginu skal hann gera það skriflega.

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingu á greininni:

10. grein – Breytingartillaga:

Félagsmaður, sem ekki greiðir gjaldfallin félagsgjöld sín fyrir aðalfund telst ekki lengur fullgildur félagi. Félagsmaður, sem tekur verktakagreiðslu hjá samningsbundnum vinnuveitanda, er ábyrgur fyrir því að hann eða samningaðilinn geri félaginu skil á 1,5% félagsgjaldi og gjaldi í menningarsjóð FLÍ samkvæmt samningum félagsins, reiknað sem hlutfall af upphæð sem samsvarar því að um venjulega launagreiðslu hefði verið að ræða. Óski félagi að ganga úr félaginu skal hann gera það skriflega.

Til minnis: aðrar greinar er lúta að félagsaðild

7. grein.

Utanfélagsmaður, sem tekur að sér leikstjórn hjá samningsaðilum F.L.Í. skal eiga þess kost að verða aukafélagi og njóta þeirra réttinda sem samningar félagsins kveða á um, enda greiði hann samningsbundinn hlut launa sinna til félagsins. Aukafélagi hefur rétt til setu á fundum félagsins með málfrelsi og tillögurétt.

Erlendir leikstjórar sem taka að sér verkefni hér á landi og eru meðlimir í félagi sem FLÍ hefur gert gagnkvæman samning við, skulu njóta fullra félagsréttinda FLÍ án þess að greiða félagsgjöld.

8. grein.

Ef félagi tekur laun undir lágmarkstaxta félagsins, eða vinnur á annan hátt andstætt tilgangi og hagsmunum þess er hægt að víkja honum úr félaginu. Slíkt verður að gerast á almennum fundi og þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að brottvísun sé lögleg.